

Heimæðargjald skal greitt við umsókn um heimæð.

Þó er heimilt að veita gjaldfrest allt að 2 árum. Í slíkum samningi skal kveðið á um vexti af eftirstöðvum gjaldsins.

Hitaveitunni er heimilt að reikna dráttarvexti á vangoldna hitaveitureikninga eins og dráttarvextir eru ákveðnir á hverjum tíma, enda hafi tilkynningin um beitingu dráttarvaxta verið send notanda með reikningi eða á annan hátt.

Óski notandi sem hefur hemil/mæli að breyta og fá í staðinn mæli/hemil skal greiða kr. 2 047,00 fyrir breytinguna.

Óski notandi þess að lesið sé á mælitæki hans utan reglubundins álestrartíma hitaveitunnar og honum gerður sérstakur reikningur, skal hann greiða fyrir það gjald kr. 546,00.

Gjaldskrá þessi er hér með staðfest samkvæmt orkulögum nr. 58, 29. apríl 1967, til að öðlast gildi 1. október 1991 með vísan til auglýsingar ráðuneytisins nr. 450, 26. september 1991, og birtist til eftirbreytni öllum sem hlut eiga að máli. Jafnframt er úr gildi felld eldri gjaldskrá sama efnis nr. 25, 17. janúar 1990.

Iðnaðarráðuneytið, 3. desember 1991.

F. h. r.

Björn Friðfinnsson.

Steinunn Bjarman.

Nr. 573

4. desember 1991

AUGLÝSING

um hlutfall búnaðarmálasjóðsgjalds tímabilið 1. september 1991 til 31. ágúst 1992.

Samkvæmt heimild í 4. og 5. gr. laga nr. 41 15. maí 1990 um Búnaðarmálasjóð og reglugerð nr. 393 1. október 1990 um innheimtu gjalds til Búnaðarmálasjóðs, hafa verið ákveðin eftirfarandi frávik við innheimtu gjaldsins fyrir tímabilið 1. september 1991 til 31. ágúst 1992:

1. Innheimta gjalds til forfalla- og afleysingarþjónustu í sveitum falli niður af eftirtöldum búgreinum: Eggaframleiðslu, garðyrkju, hrossarækt, svínarækt, holdafuglarækt og æðarrækt.
2. Innheimta gjalds til neðantalinna búgreinafélaga skal vera sem hér segir:

a) Félag hrossabænda	1,000%
b) Landssamband kartöflubænda	0,500%
c) Samband garðyrkjubænda	0,500%
d) Svínaræktarfélag Íslands	0,275%
e) Félag kjúklingabænda	0,275%

Samkvæmt heimild í 6. gr. laga nr. 41/1990 skal innheimta gjalds til Bjargráðasjóðs af afurðum hrossa og afurðum garðyrkju og gróðurhúsa, nema kartaflna, falla niður.

Landbúnaðarráðuneytið, 4. desember 1991.

Halldór Blöndal.

Jón Höskuldsson.